| **Kennari** | Anna Sigrún Rafnsdóttir | **Sk.st.** | RKI |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bókleg og verkleg. Farið er í blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir nokkrar tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálp við bruna. Höfuð, háls og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst kvið og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liðamóta og vöðvaáverka. Kennt er að spelka útlimi með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað. Í verklegri endurlífgun eru tveir leiðbeinendur.

## Markmið:

Að nemandi öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að geta hjálpað slösuðum og/eða bráðveikum einstaklingum þar til hjálp fagfólks tekur við.
Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- þekkja þá hugmyndafræði sem skyndihjálp byggir á
- þekkja og geta framkvæmt mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- geta brugðist rétt við dauðadái
- þekkja og geta beitt hjartahnoði þegar það á við
- þekkja og geta beitt blástursmeðferð þegar hún á við
- þekkja og geta metið helstu tegundir sára
- þekkja aðferðir til að meta brunasár og kunna að bregðast við bruna
- þekkja helstu höfuð, háls, og hryggáverka og geta veitt skyndihjálp við slíkum áverkum
- þekkja helstu brjóst, kvið, og mjaðmaáverka og geta brugðist við þeim
- þekkja helstu beina, liðamóta, og vöðvaáverka og geta veitt skyndihjálp við slíkum áverkum
- kunna að spelka brot/tognanir
- geta veitt skyndihjálp við bráðum sjúkdómum
- þekkja helstu forvarnir við kali, ofkælingu og ofhitnun og geta veitt viðeigandi skyndihjálp við slíkum áverkum.

| **Tegund** | **•Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)** |
|---|---|
| Bækur | •*Skyndihjálp og endurlífgun : Þú getur hjálpað þegar á reynir* /Reykjavík:Rauði kross Íslands, 2013. |
| Myndbönd | •Efni tengt einstökum köflum og efni af youtube. |
| Verklegar æfingar | •Verklegar æfingar tengt einstökum köflum |

## Áætlun um yfirferð:

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) |
|---|---|
| 1 dagur | Kynning + kennsluáætlun |
| 1 dagur | Kynning á starfsemi Rauða Kross. Inngangur. Aðgerðir á vettvangi. Skoðun og mat |
| 1 dagur | Endurlífgun – bókleg |
| 2 dagur | Endurlífgun verkleg |
| 2 dagur | Blæðing og lost, Sár-umbúðir og sárabindi. Sýna blóð á gangstétt. |
| 2 dagur | Brunasár |
| 2 dagur | Höfuð háls og hryggáverkar. Brjóst-,kvið-og mjaðmagrindaráverkar – bóklegt og verklegt |
| 3 dagur | Beina-,liðamóta og vöðvaáverkar. Spelkun útlima |
| 3 dagur | Bráðir sjúkdómar. Eitranir. Bit og stungur. |
| 3 dagur | Kal og ofkæling, út í nokkrar mín. |
| 3 dagur | Háski af völdum hita |
| 3 dagur | Björgun og flutningur |
| 3 dagur | Próf |

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt | Krossaspurningar | 100% |
| | Nemandi þarf að ná einkunninni 5 til að ná áfanganum og mæta 100% í allar kennslustundirnar. Nemandi sem nær einkunninni 7 eða hærri getur sótt um skírteini til Rauða krossins og þurfa nemendur sjálfir að nálgast þessi skírteini, skírteinin kosta kr. 600. Leiðbeinendur sjá um að koma upplýsingum um nemendur til Rauða kross Íslands. | |

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**